



Kveðja frá forseta Íslands

Þegar ég var ungur drengur í litlu íslensku sjávarþorpi var Thor Heyerdahl helsta hetjan í hugum okkar. Við lásum bókina um siglinguna, sigurinn í átökum hafs og manns; byggðum okkar eigin fleka og settum á fjörðinn.

Á fyrsta ári mínu í embætti forseta Íslands hitti ég svo hetju æskuáranna; á sýningu um helstu landkönnuði veraldar sem haldin var í Haag. Ég bauð Thor og konu hans að heimsækja Ísland og gerðu þau það um jólin tveimur árum seinna.

Það var að vísu ekki heppilegasti tíminn til funda og fyrirlestra en leystist greiðlega vegna þess að Thor vildi helst dvelja á bóndabæ um hátíðina, fagna helgum stundum með heimilisfólki í íslenskri sveit; sótti messu í litlu kirkjunni með útsýni til jökla og eldfjalla.

Samræðurnar við bóndann snerust einkum um hinar fornu sögur, ferðir víkinganna, Snorra og Eddukvæði. Og á fundi okkar á Bessastöðum fyrir áramótin var Thor svo uppnuminn og ákafur að hugurinn var fullur af áformum um nýja leiðangra. Kannski hófst þarna í íslenskri sveit leitinn að Óðni!

Thor Heyerdahl er meðal fárra sona Noregs sem náð hafa heimsfrægð; ævi hans vitnisburður um fleyg orð Hávamála: Orðstír deyr aldregi hveim er sér góðan getur.